



Fundargerð

485. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,

miðvikudaginn 19. október 2022, kl.16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt:

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti (ÁHH)

Hrefna Jónsdóttir, aðalmaður (HJ)

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, aðalmaður (MDS)

Vilberg Þráinsson, aðalmaður (VP)

Arnpór Sigurðsson, 1. varamaður (AS)

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, varaoddviti (JÖE) boðaði forföll

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 4 síður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Engin mál bárust. Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 484. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 14. september 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Mennta- og menningarmálanefnd 12. október 2022.

Farið yfir fundargerðina.

2.1 Skipurit Reykhólaskóla, grunn- og leikskóladeild.

Sveitarstjórn samþykkir skipurit Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.

2.2 Framtíð Héraðsbókasafns Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.3 Rannsókn á myglu í skólabyggingum.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.4 Ytra mat á leikskólum 2023.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, sveitarstjóra falið að sækja um fyrir hönd Reykhólaskóla leikskóladeild. Samþykkt samhljóða.

2.5 Aðalskoðun leiksvæða grunn- og leikskóla 2022, skýrslur.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.6 Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Lagður er fram samningur á milli Byggðastofnunar og Reykhólahrepps um styrk vegna verkefna á sviði almenningssamgangna, sambílinn. Styrkur að upphæð kr. 9.6 millj. árið 2023.

Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Ungmennaráð 6. október 2022.

Farið yfir fundargerðina. Sveitarstjórn hrósar ungmennaráði fyrir góðar hugmyndir.

Fundargerðinni vísað til áframhaldandi vinnu við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2209001 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2023 – 2026, fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps lögð fram til fyrri umræðu.

Farið yfir áætlunina og henni vísað til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

2. 2210003 - Fjárfestingafélagið Hvammur, aðkoma Reykhólahrepps.

Lagt fram erindi frá Fjárfestingafélaginu Hvammi dagsett 13. október 2022.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og vill funda með forsvarsmönnum félagsins. Samþykkt samhljóða.

3. 2210004 - Stofnun starfshóps um samstarf í velferðarþjónustu.

Lagt fram erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 19. september 2022 og varðar tilnefningu fulltrúa Reykhólahrepps í starfshópinn.

Sveitarstjórn tilnefnir Hrefnu Jónsdóttur í starfshóp um samstarf í velferðarþjónustu. Samþykkt samhljóða.

4. 2209018 - Samningur við Vegagerðina um hreinsun vettvangs á og við vegi í kjölfar umferðaóhappa.

Lagður fram að nýju samningur við Vegagerðina.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samninginn. Samþykkt samhljóða.

5. 2210005 - Bókasafn Flateyjarhrepps.

Lagt fram erindi frá Jóhannesi Geir Gíslasyni dagsett 6. október 2022.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna málið. Samþykkt samhljóða.

6. 2210006 - Ársfundur náttúruverndarnefnda 10. nóvember 2022.

Lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 13. október 2022 varðandi ársfund náttúruverndarnefnda.

Sveitarstjórn felur Hrefnu Jónsdóttur að sækja fundinn fyrir hönd Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

7. 2210007 - Áskorun félags atvinnurekenda, Húseigendafélagsins og Landssambands eldri borgara til stjórnvalda.

Áskorun lögð fram og kynnt.

8. 2210008 - Ályktun Skógræktarfélags Íslands.

Ályktun lögð fram og kynnt.

9. 2203006 - Fundargerð 205. fundar Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerð lögð fram.

10. 2202001 - Fundargerð 913. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

Fundi slitið kl. 19.15. Fundargerðin undirrituð rafrænt